

AFSTÖÐUMYND
1:500

SAGA BYGGINGARINNAR

Upprunalegur hönnuður er þáverandi Húsameistari ríkisins Guðjón Samúelsson Byggingar ári 1924 - 1926. Upphaflega var húsið hannað af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins. St. Jósefssýstur létu byggja St. Jósefsspítala og réku hann allt til ársins 1987 en seldu þá ríki og Hafnarfjarðarþæ spítalan. Í húsnæðinu var rekin spítali til ársins 2011 en þá var spítalanum lokað. Á árablinu 1973-2000 var byggt við og úllit hússins breytt frá upprunalegri mynd. Meðal annars var byggt við húsið móttökubýgging, póstar glugga fjarlægðir mynd. Hafnarfjarðarþæ eignaðist svo húsið allt í júní 2017.

SÓTT ER UM EFTIRFARANDI BREYTINGAR

Húsið er tekið í notkun í áföngum og er önnur hæð þegar komin í notkun. Í byggingunni er og verður áfram ýmis félags- og heilsutengd þjónusta fyrir almenning. Nú er sótt um breytingar á þrjú hæð hússins en þar er fyrirhugað að hafa dagvalarrými og sérhæfða endurhæfingu fyrir fólk með parkinson og skylda sjúkdóma ásamt þjónustumistöð fyrir fólk með heilablun og aðstandendur þeirra. Fyrir liggur að samþykka minnkaða lóð með breyttu deiliskipulagi sem kallar m.a. á breytt fyrirkomulag bílastæða og breytingu á skábraut. Einnig er nauðsynlegt að sé hluti hússins sem hýsir geymslu, aðstöðu fyrir ráðsmann og varafastöð verði ríffin. Bætt aðgengi fyrir alla þar með talið snyrtingar fyrir hreyfihamlaða.

ÚTVEGGIR OG ÞÖK

Húsið er einangrað að innan með um það bil 25-30 mm korki sem er múrhúðaður og málaður. Steypan hefur því í gegnum árin haldist volg. Það að fara að einangra húsið að innan myndi geta kallað fram óeðskilegar breytingar í steypunni. Ekki er vitað að fullu um járnbandingu útveggjanna þannig að ekki er fyrirhugað að auka einangrun útveggjanna. Þök eru mænispök úr timri og klædd með bárujárni á pappklædda timburklæðningu.

HLJÓÐVIST

Í öllum lúveruherbergjum og göngum munu loft verða klædd með upphengdum hljóðisogssplötum sem munu bæta hljóðvist til muna. Hurðum verður skipt út til að uppfylla 40 db kröfu reglugerðarinnar

LOFTRÆSTING

Gangar verða með útsögu og innblástri lofts. Öll gluggalaus rými og snyrtingar verða með útsög. Loftræsing herbergja sem liggja að útvegg eru áfram sem áður lofuð í gegnum opnanleg fög glugga.

INNVEGGIR

Nýir innveggir eru almennt grindarveggir úr blökkstöðum, fylltir með steinull og klæddir með tvöföldu gífu. Sjálfvirk brunavíðvörðunarkerfi verður í byggingunni.

LAGNIR

Hefðbundin ofnakerfi er í húsinu.

RAFLAGNIR

Raflagnir verða hannaðar skv. ÍST 200:2006 og Byggingarreglugerð nr. 112/2012. Inntök fyrir lágapennu og smáspennu eru í tæknirými, sem og aðalaltafna en dreifitöflur verða á öllum hæðum. Út- og neyðarlýsing verður á flóttaleiðum og annars staðar þar sem reglur segja til um, sem sýna eiga á einvaldan og auðskiljanlegan hátt flóttaleiðir út úr húsinu, í samræmi við ÍST EN 1838:2013, ÍST EN 50172:2004 og Byggingarreglugerð 112/2012. Sjálfvirk brunavíðvörðunarkerfi verður í byggingunni.

BRUNAVARNIR

Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnarlýsing er upptærð af Brunahönnun sli (mál nr. 18-171) í janúar 2021 fyrir Suðurgötu 41, Hafnarfirði. Lausnir vegna breytinga eru skv. forskritarkvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og 350/2013 með nokkrum skilgreindum tækniskiptum. Um er að ræða eldra hús sem er að breyta um hlutverk og lögð er áhersla á að tryggja öryggi fólks. Ekki er um að ræða frekari brunahönnunarskýrslu. Flokkun og notkun byggingar Byggingin verður í notkunarflokki 2. Um verður að ræða skrifstofur með heilsutengri þjónustu. Á 3. hæð verða Alzheimersamtökin og Parkinssonssamtökin með aðstöðu. Allar hæðir hússins uppfylla kröfur um algilda hönnun nema fjórða hæð sem er með BO út í hringstiga sem flóttaleið nr. 2.

Brunahólfun

Meginbrunahólfun Fyrsta hæð og kjallari eru eitt meginbrunahólf (um 996 m²) en skiptast í nokkur brunahólf. Önnur og þrjú hæð eru hvor um sig sér meginbrunahólf (um 657 m²) en skiptast hvor um sig í nokkur brunahólf. Fjórða hæð ásamt þakrymi er eitt meginbrunahólf (um 636 m²) en skiptast í nokkur brunahólf.

Almennt brunahólfun

Aðalstigahúsið verður sér brunahólf. Lyftuskið verða sér brunahólf. Frávik og tækniskipti þar sem lyftuhúðar eru ekki reykhótar og lyftur ganga á milli brunahóla v erða lyftuskiði yfirþrýst a.m.k. 50 Pa með yfirþrýstblásunum sem virkjust við staðfest brunaboð. Þetta tryggir að reykur fari ekki á milli hæða um lyftuskiða. Lóðrétt lagnaskið verða sér brunahólf. Tveir nýir útlagar (hringsigar) bakalli eru brunahólfadr frá hæðunum með EW30 gleri. Kjallari Lagerar í kjallara eru hvor um sig sér brunahólf. Gangur í kjallara er sér brunahólf. Tæknirými undir aðalstiga er sér brunahólf. Fyrsta hæð Fundarsalur (kapella) í norðrenda er sér brunahólf. Anddyri og gangur við fundarsal er sér brunahólf. Gangur í miðrymi og aðliggjandi herbergi eru eitt brunahólf. Aðingasalur í suðurenda er eitt brunahólf. Önnur hæð Rými í norðurenda og gangur eru eitt brunahólf. Gangur í miðrymi og aðliggjandi herbergi eru eitt brunahólf. Gangur og rými í suðurenda er sér brunahólf. Þrjú hæð Rými sitt hvorum megin stíghúss ásamt göngum eru sér brunahólf. Fjórða hæð Rými sitt hvorum megin stíghúss ásamt göngum eru sér brunahólf. Loftræsisklefi er sér brunahólf ásamt þakrymi. Þakrymi Þakrymi verður eitt brunahólf, a.m.k. E130.

Burðarvirki

Hæðaskil eru talin vera a.m.k. RE190. Brunamótlaða aðalburðarvirki eru talin vera a.m.k. R90. Brunamótlaða burðarvirki þaka er talið vera a.m.k. R30. Hæðaskil milli fjórðu hæðar og þakrymis eru talin vera a.m.k. E130.

Klaðningar

Klaðningar verða skv. ÍST EN 13501. Innanhusklaðningar verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G. Klaðningar í þakrymi eru í flokki 2. Frávik og rökstuðningur: Í rýminu verður ekkert brunatæg. Utanhusklaðningar eru í flokki 1. Þakklæðningar eru í flokki B(roof) (I2).

Flóttaleiðir

Hvergi er lengra en 30 m í næsta útgang eða flóttaleið. Frá öllum hæðum verða almennt tvær óháðar flóttaleiðir. Önnur flóttaleiðin frá hvorum hluta fjórðu hæðar verður um BO sem fer út á palla sem tengist hringstiga. Settir verða upp tveir hringstigar í silt hvorum enda hússins. Radius þeirra skal vera a.m.k. 1,2 metrar (nettó göngubreidd). Ekki er reiknað með meiri fjölda á hæðum fyrir ofan fyrstu hæð en 50 manns. Reiknað er með einum einstaklingi á hverja 10 m². Því er álag á hvern hringstiga allt að 50 manns (sem er hámark) sé reiknað með tveimur hæðum (þrjú og fjórða hæð) í einu í ýmgingu sbr. byggingarreglugerð. Í alzheimerhluta 3. hæðar er gert ráð fyrir allt að 45 manns sem telst áætlaðleg þar sem útljallur við hringstiga rúmar allt að 15 manns. Hámarksfjöldi í ælfingasal á fyrstu hæð er 180 manns.

Brunavíðvörðunarkerfi

Víðurkennt númerað brunavíðvörðunarkerfi verður í öllu húsinu skv. ÍST EN 54 og reglum HMS. Stjórnstöð og yfirtilsmynd er við aðalinnangang á fyrstu hæð. Kerfið verður tengt víðurkenndri vakistöð.

Loftræsikerfi

Loftræsing rýma er almennt um glugga. Útsög er frá salernum. Loftræsikerfi sem þjóna fleiri en einu brunahólf verða útbúin með brunalokum, a.m.k. E60-C sem lokaast við staðfest brunaboð. Þær skulu tengdar prófunarúnaði skv. DS428.

Reyklosun

Frá aðalstigahúsi verður opnanlegur glugga (a.m.k. 1 m²) á efstu hæð sem verður hægt að opna með rofa frá 1. hæð (Við stjórnstöð brunavíðvörðunarkerfis). Reykræsing að öðru leyti er almennt um glugga og hurðar. Settir verða upp yfirþrýstblásarar í bæði lyftuskiðin. Þeir skulu tryggja a.m.k. 50 Pa yfirþrýsting við staðfest brunaboð. Lagnir að þeim skulu vera a.m.k. E30 og tengjast til hlíðar við aðalrofa húsrálmagns í aðalstöflu.

Slökkvitæki

Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 eru staðsett skv. teikningu, t.d. 6 L lítvatn og 5 kg kolsýra í tæknirými og við rafmagnstöflur. Slökkvitækin skulu sett upp af víðurkenndum aðila. Staðsetning slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Út- og neyðarlýsing

Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 60172 og öðrum tengdum stöðlum. Reikna skal með a.m.k. 1 lux á göngum og útljollum, 5 lux í stíghúsi og útljollum og 0,5 lux í söllum og salernum fyrir fataða.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvívatn

Aðkoma er góð báðum megin við húsið. Reiknað slökkvívatnsþörf fyrir húsið skv. leiðbeiningum MVS er um 1800 l/min.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa

Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (brunavíðvörðunarkerfi, handvirkum slökkvívatnaði og út- og neyðarlýsingu). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Suðurgötu 41, Hafnarfirði.

Mikilvægt er að gerð sé rýmingaráætlun fyrir húsið og hún að a.m.k. árlega.

HEILDARSTÆRDIR FYRIR BREYTINGU

KJALLARI	=	147,5 m ²	382,2 m ²
1. HÆÐ	=	849,1 m ²	2.870,7 m ²
2. HÆÐ	=	657,3 m ²	2.085,1 m ²
3. HÆÐ	=	659,9 m ²	2.188,8 m ²
4. HÆÐ	=	635,5 m ²	1.425,8 m ²
ÞAKRYMI	=	382,1 m ²	451,1 m ²
SAMTALS	=	2.758,6 m ²	9.543,6 m ²

STÆRD LÓÐAR =

NÝTINGARHLUTFALL	=	0,82
FJÖLDI BÍLASTÆÐA	=	44 ÞAR AF 3 FYRIR HREYFHAMLAÐA

HEILDARSTÆRDIR EFTIR BREYTINGU

KJALLARI	=	147,5 m ²	382,2 m ²
1. HÆÐ	=	785,2 m ²	2.677,4 m ²
2. HÆÐ	=	657,3 m ²	2.085,1 m ²
3. HÆÐ	=	659,9 m ²	2.188,8 m ²
4. HÆÐ	=	635,5 m ²	1.425,8 m ²
ÞAKRYMI	=	382,1 m ²	451,1 m ²
SAMTALS	=	2.694,7 m ²	9.350,3 m ²

STÆRD LÓÐAR =

NÝTINGARHLUTFALL	=	0,73
FJÖLDI BÍLASTÆÐA	=	41 ÞAR AF 4 FYRIR HREYFHAMLAÐA

SUBURGATA 41


220 HAFNARFIRÐI

STAÐGREINIR : 1400-1-84700410

LANDEIGNANÚMÉR: L122534

SAS
2.02.2021

HEILBRIGDISEFTIRLIT
HAFNARFJARDAR-
OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Gangatorgi 5 - 210 Garðabæ
20/1/2021 *[Signature]*



Endurskoðun:	Dags:	Teikn. Yfir:
B:		
A:		

Suðurgata 41
220 Hafnarfjörður

STAÐGREINIR 1400-1-84700410
VERKKAUPI Hafnarfjarðarþæ
KENNITALA VERKKAUPI: 590169-7579

ADALTEIKNING

EFNI:	AFSTÖÐUMYND	
MÆLIKVAÐI:	1:500	
FRUMSTAÐER BLAÐS:	A1	
TEIKNAD:	KMK	VERKNR: 1813
YFIRFARID:	IC	TEIKN. NR: 101
DAGSETNING ÚTGAFU:	15.01.2021	ENDURSKR.:

VAARKITEKTAR

VAARKITEKTAR
Karl Magnús Karlsson KT: 1405665949

HÖNNUNARSTJÓRI OG
ÚTGEFANDI: Karl Magnús Karlsson KT: 1405665949

Teikningu þessi er gefin út af undirrituðum fyrir hönd eiganda höfundaréttar, VAARKITEKTAR. Teikninguna má ekki afrita með neinum hætti, að hluta til eða í heild án skriflegs leyfis höfundar.

borgartún 6
105 Reykjavík
hl. 400400-3510
sími. 530 6990
fax: 530 6991
vaarkitektar@vaarkitektar.is
www.vaarkitektar.is